

Fjölmennt minningamót í skák

Minningamót Ottós Árnasonar og Gunnars Gunnarssonar var haldið í félagsheimilinu Klifi síðastliðin laugardag, 17. maí. Ottó og Gunni Gunn stofnuðu Taflfélag Ólafsvíkur í janúar 1964 og lögðu mikið til skáklífs bæjarins í gegnum árin. Ottómótið var fyrst haldið í Klifi árið 2001 og var það haldið árlega fram til ársins 2008. Árið 2023 var það tekið upp aftur undir nafninu Minningarmót Ottós og þá Hrafn Jökulssonar en nú Ottós og Gunna Gunns.

Minningamótið er eitt vinsælasta mót landsins og var það haldið í tíunda sinn. 97 manns tóku þátt í ár, mikil og góð stemning skapaðist og yfir 200 mann mættu til að fylgjast með. Keppt var með Monrad fyrirkomulagi í átta flokkum. Jóhann Hjartarson bar sigur úr þýtum í 2. sæti og Bragi Þorfinnsson var í 3. sæti. Í drengja flokki sigraði Stefán Arnar Jóhannsson og Elsa Margrét Aðalsteinsdóttir í stúlknaflokki. Í kvennaflokki sigraði Lenka Ptacnikova, Benedikt Þórisson vann flokkinn undir 2000 elostigum og Aron Ellert Þorsteinsson vann flokkinn undir 1800 elostigum. Í flokki 65+ sigraði stórmeistarinn Helgi Ólafsson og Ólafur Arngrímsson sigraði flokkinn 80+. Efstur heimamanna var Tryggvi Leifur Óttarsson og Rögnvaldur Örn Jónsson var efstur svíkinga eða brottfluttra ólsara. U16 drengja sigraði svo Birkir Hallmundarson og Embla B. Berglindardóttir fóru með sigur í flokki U16 stúlkna.



Á mótinu fékk Gylfi Scheving gullmerki Taflfélags Snæfellsbæjar fyrir frábært og vel unnið starf fyrir skákina í gegnum árin. Gylfi var oftast en ekki hægri hönd Ottó heitins Árnasonar og Gunnar Gunnarssonar og Gylfi Scheving unnu mikið, óeigingjarnt og gott starf fyrir skákina saman enda miklir mátar.

Helstu styrktaraðilar mótsins í ár voru Hótel Varmaland, Hótel Hellisandur, Hótel Búðir og Hótel langholt, Hraðfrystihús Hellissands, Sjávariðjan, Fiskmarkaður Íslands, Fiskmarkaður snæfellsbæjar, Höfnin Snæfellsbæ, Egill SH, Saxhamar SH, Nesver, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Ragnar og Ásgeir, G.Run, Fisk Seafood, Jóhann Steinsson, Rafn Guðlaugsson og Sjoppa.

Stefnt er á að halda annað Minningarmót að tveimur árum liðnum.

SJ

Kajak námskeið



Um helgina var líf og fjör á Arnastapa þegar Sea kayak Iceland eða Sjókajakfélag Íslands stóð fyrir námskeiði í að sigla kajak og máþingi. Yfir 70 manns komu þar saman og lærðu að spreyta sig. Litríkt var um að litast og skemmti fólk sér stórvel í blíðskaparviðri. Þetta

námskeið er árlegur viðburður á Arnastapa en í ár var fjölmennasta námskeiðið sem hefur verið haldið á staðnum og kom þar saman áhugafólk um sjókajak víðsvegar að úr heiminum. Meðfylgjandi mynd er frá Sea kayak Iceland.

SJ

Annasöm nótt hjá björgunarsveitum

Það var óvenju annasamt í sjó-björgun hjá björgunarsveitum landsins í byrjun vikunnar en sex útköll vegna smábáta bárust Slysavarnafélagsins Landsbjörgu á einum sólarhring. Björgunarsveitirnar á Snæfellsnesi sátu ekki auðum höndum Björgunarskipið Björg fór í tvö útköll aðfaranótt mánudagsins 20. maí. Á öðrum tímanum var Björgun kölluð út ásamt þyrllu-sveit Landhelgisgæslunnar í kjölfar þess að staðsetningarmerki fiskibáts bárust ekki lengur stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, eigandi bátsins svaraði ekki köllum í gegnum talstöð og ekki náðist í viðkomandi í síma. Laust fyrir klukkan þrjú kom í ljós að báturinn sem leitað var að var kominn til hafnar á Brjánslæk og var leit þá afturkölluð. Björgin hélt því heim aftur en þegar áhöfnin var rétt búin að ganga frá skipinu kom annað útkall næturinnar

og viðbragðstíminn því enn styttri en vanalega. Þá hafði lítill fiskibátur strandað við grjótagarðinn fyrir utan höfnina í Rífi upp úr klukkan 4 aðfaranótt mánudags. Báturinn var á leið á miðin en talsverð þoka var á staðnum og báturinn hefur siglt upp í grjótagarðinn. Björgun sigldi alveg upp að bátinum og bjargaði skipverjanum frá borði og flutti hann í land þaðan sem hann fór til skoðunar á heilsugæslunni. Björgunarsveitin hélt svo aftur út til sjós á Björginni og minni björgunarbát Lífsbjargar til að bjarga verðmætum sem flutu í sjónum í kringum slysstað. Eftir að hafa hreinsað til á strandstað um klukkan 7 á mánudagsmorguninn var báturinn skilinn eftir hálfsokkinn í grjótagarðinum. Í tilkynningu Landhelgisgæslunnar eftir viðburði næturinnar er áréttað til sjófarenda mikilvægi þess að tilkynna sig úr höfn við brottför,

að hlusta vel á rás 16 og fara vel yfir virkni þess öryggisbúnaðar sem um borð er. Einnig sé mjög mikil-

vægt að sjómenn tilkynni um breytt símanúmer um borð svo hægt sé að ná á viðkomandi aðila. SJ



Afkoma Snæfellsbæjar jákvæð um 437 milljónir

Ársreikningur Snæfellsbæjar var samþykktur samhljóða á bæjarstjórnarfundi fyrir skömmu eftir síðari umræðu og kom rekstur Snæfellsbæjar mun betur út en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og var rekstur samstæðunnar jákvæður um 436,9 m.kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á um 167 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 239 m.kr.

Snæfellsbær fjárfesti á árinu 2024 fyrir um 598 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 173 m.kr.

Heilt yfir voru útgjöld nánast á pari við fjárhagsáætlun, ef frá er talinn launabátturinn, en töluverðar launahækkunar komu inn á árinu 2024 sem ekki var gert ráð fyrir að fullu í fjárhagsáætlun. Það er hins vegar eftirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila almennum rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægjulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga.

Rekstur stofnana var því með miklum ágætum, þó launakostnaður hafi farið fram úr áætlunum.

Lífeyrisskuldbindingar fóru jafnframt fram úr áætlunum, en skuldbindingar lífeyrisþega hækka jafnhliða launahækkunum starfsmanna á opinberum launamarkaði.

Stærstu einstöku fjárfestingarnar á árinu 2024 voru viðhaldsframkvæmdir, líkt og á árinu 2023. Skipt var um þak á íþróttahúsinu í Ólafsvík og á Félagsheimilinu Klifi. Byrjað var á framkvæmdum við viðbyggingu leikskólahúsnaðisins í Ólafsvík og á nýju anddyri við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar, en þeim framkvæmdum lauk í byrjun árs 2025. Jafnframt var farið í mikil nauðsynleg viðhaldsframkvæmdum við nánast allar stofnanir bæjarfélagsins, og munu þær framkvæmdir halda áfram á árinu 2025.

Þrátt fyrir miklar fjárfestingar og framkvæmdir hefur tekist að lækka skuldir og halda rekstri sveitarfélagsins á pari við fjárhagsáætlun, jafnframt því að þurfa ekki að taka nein ný lán á árinu. Afkoma ársins 2024 var mjög jákvæð og verður því fjárhagsstaða Snæfellsbæjar að teljast afar góð.

Helstu lykiltölur ársreiknings er hægt að nálgast í ýtarlegri frétt á heimasíðu Snæfellsbæjar, snb.is.

Sjóstangaveiðimót í Ólafsvík



Annað landsmót sumarsins sem telur til Íslandsmeistara SJÓL 2025 var haldið í Snæfellsbæ helgina 16. til 17. maí. Mótið var sett í Björgunarsveitarhúsinu Von í Rífi á fimmtudagskvöldið 15. maí og var svo mæting á smábátabryggjunni í Ólafsvík snemma á föstudagsmorguninn, byrjað var daginn á bryggjuveiði en uppúr klukkan 6 var svo haldið til hafs. Laugardagurinn var með sama sniði og að kvöldi laugardags var lokahöfðið haldið í Björgunarsveitarhúsinu Von á Rífi. 9 keppendur frá Sjósna tóku þátt á mótinu og líkt

og síðustu ár byrjar veiðisumarið vel hjá þeim. Jón Einarsson tók 1. sæti karla á mótinu, Pawel Szalas það þriðja og Björg Guðlaugsdóttir er í 3. sæti kvenna. Á verðlaunablaðinu áttu meðlimir Sjósna efsta sætið í mörgum flokkum, til að mynda átti Jón Einarsson stærsta gullkarfann, Sævar Guðmundsson stærsta þorskinn, stærsta ufsann og stærstu flundruna og Kasjan Karwacki stærsta sandkolann. Meðfylgjandi mynd er frá Sjóstangaveiðifélagi Siglufjarðar af veiðinni á föstudeginum.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Héðinsmótið í bekkpressu

Árlegt Héðinsmót Sólarports í bekkpressu fór fram í íþróttahúsinu í Ólafsvík laugardaginn 10. maí. Mótið er haldið til minningar um Héðinn Magnússon heitinn sem fórst með Svanborgu SH árið 2001. Var það endurvakið í fyrra eftir að hafa legið í dvala frá árinu 2005. Guðmundur Njáll Þórðarsson og dóttir hans, Dagbjört eru eigendur Sólarports og sjá um skipulag og framkvæmd mótsins. Mótið er haldið í samráði við vini og fjölskyldu Héðins og er það haldið á þessum tíma árs þar sem 9. maí var afmælisdagur hans. Keppt var í fjórum flokkum í ár, ungmennaflokki, kvennaflokki, karlaflokki undir 100 kg og karlaflokki yfir 100 kg. Ungmennaflokkurinn var ekki í boði í fyrra en þrátt fyrir að vera ný viðbót við mótið var hann fjölmennastur flokkanna. Keppendum gekk vel á mótinu og fengu hvatningu frá áhorfendum sem fylgdust spenntir með. Magnús Ver Magnússon sá um dómgæslu líkt og í fyrra. Í ungmennaflokki fór Mateusz Dulinskas með sigur úr býtum, Sandra



Kuczynska sigraði í kvennaflokki, Marcin Bednarowicz í karlaflokki undir 100 kg og Arek Lakomski í karlaflokki yfir 100 kg. Að kvöldi dags bauð Sólarport svo til árshátíðar í félagsheimilinu Klifi. Þar var boðið upp á mat frá Galito, happaðrætti og skemmtu meðlimir líkamsræktarinnar sér saman eftir vel heppnaðan dag.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Snúðaskokk í leikskólanum



Leikskólarnir Kríuból og Krílakot í Snæfellsbæ hafa haldið í þá skemmtilegu hefð að halda snúðaskokk í byrjun sumars. Krakkarnir hlaupa hringi um skólalóðir leikskólanna en fjöldi hringja sem þau hlaupa markast af aldri barnanna. Þeir sem yngri eru hlaupa því færri hringi heldur en þeir sem eru eldri. Börnin eru alltaf spennt að fá að taka þátt í skemmtiskokkinu og

ekki skemmir fyrir þegar veðrið leikur við þau á meðan. Starfsmenn höfðu hengt upp veifur þar sem marklínar var og tónlist ómaði um svæðið á meðan hlaupið stóð yfir. Þegar börnin voru búin að hlaupa sína vegalengd settust þau niður í sólinni og fengu heimabakada snúða að launum.

JJ

Kórfélagar heiðraðir



Sameiginleg guðsþjónusta Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls var

haldin sunnudaginn 18. maí. Í guðsþjónustunni voru kórfélögum sem



hafa sungið í kirkjukór í meira en 30 ár afhent heiðursviðurkenninguna Liljan. Með viðurkenningunni þakkar þjóðkirkjan fyrir trúfasta þjónustu við söngstörf í kór í kirkjum um áratuga skeið. Söngurinn og kirkjukórar eru ómissandi í helgi-

haldi og safnaðarstarfi kirkjunnar. Úr kirkjukór Ólafsvíkur og kirkjukór Ingjaldshólssóknar voru 29 kórfélagar heiðraðir fyrir sitt framlag til kirkjustarfsins.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Getraunir 1x2

Á laugardaginn kemur lið Ægis frá Þorlákshöfn í heimsókn til okkar og bjóða vonandi upp á skemmtilegann leik. Við verðum í Áttthagastofunni á milli klukkan 11.00 og 12.00 eins og verið hefur í vetur og ætlum að bjóða upp á kaffi og nasl, en þetta er síðasta getraunakaffið á þessari leiktíð enska boltans. Tilvalið er að kíkja við, tippa nokkrar raðir, svona til

að ná upp stemmningu og skella sér svo á leikinn.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu til okkar, fylltu út nokkrar raðir og sérstakar þakkir til þeirra 14 aðila, sem saman hafa tippað á einn stóran seðil, vikulega í allan vetur í áskrift.

Áfram Víkingur



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurpjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is

Ábending

Í frétt í síðasta tölublaði Jökuls um Stóru upplestrarkeppnina láðist að geta þess hver tók myndina sem fylgdi fréttinni. Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir, náms- og

starfsráðgjafi hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, er umsjónarmaður keppinnar og tók hún umrædda mynd á keppninni